

Menntabúðir fyrir foreldra í Snælandsskóla 29. mars 2019

- Lærum saman og höfum gaman -

<p>08:15 - 08:30 Erindi um netöryggi í sal skólans. Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson kennsluráðgjafi.</p>	<p>08:30 - 09:30 Foreldrar fara á milli stöðva. Taka þátt eða kynna sér stöðvar í Snillismiðju og öðrum skólastofum.</p>
<p>Kaffi og kleinur í boði.</p>	<p>Snillismiðjan. Einföld rafrás - rafkort - Myndmenntastofa Nemendur sýna hvernig hægt er að búa til einfalda rafrás. Gera kort sem hægt er að myndskreyta og lýsa upp með peru. Þátttakendur geta búið til sitt eigið kort. Umsjón: Nemendur á miðstigi</p>
	<p>Snillismiðjan. Efnasmiðjan - baðsalt - Skólasafn Nemendur búa til baðsalt úr efni sem til eru í eldhúsinu. Þátttakendur fá uppskrift og geta búið til sitt eigið baðsalt. Umsjón: Nemendur á miðstigi</p>
	<p>Snillismiðjan. Burstavélmenni - Myndmenntastofa Nemendur búa til einfalt vélmenni úr tannbursta, rafhlöðu og mótör. Þátttakendur geta búið til sitt eigið vélmenni. Umsjón: Nemendur á miðstigi</p>
	<p>Snillismiðjan. Sphero leikhús og Sphero dans - Svæði fyrir framan skólasafn</p> <ul style="list-style-type: none">• Nemendur kynna hugmyndir hvernig hægt er nota Sphero bolta við kennslu.• Hvernig má samþætta forritun, sköpun, handritagerð og myndvinnslu. Nemendur fara yfir verkferlið og sýna afrakstur. <p>Umsjón: Nemendur</p>
	<p>Snillismiðjan – Skólasafn</p> <ul style="list-style-type: none">• Býflugur (Blue bot)• Spaghetti og sykurpúðar• Breakout - flóttaleið• Heimagerð vélmenni frá nemanda• Þrívíddar bækur, bolur og teningur <p>Umsjón: Nemendur og Guðmunda Guðlaugsdóttir kennari</p>
	<p>Snillismiðjan - Tölvustofa</p> <ul style="list-style-type: none">• Tæknilego• Tölvutætingur• Osmo• Vinylskeri• Stop motion• Makey makey• Scratch <p>Umsjón: Nemendur á miðstigi og Jóhanna Hjartardóttir kennari</p>

Raftónlist – Ableton Live - Stofa B2

Það má segja að Ableton sé flóknara forrit en Garageband og sé fyrir lengra komna. Það geta þó allir lært á það sem hafa áhuga á tónlist og upptökum. Það er aðallega notað til að taka upp raftónlist og er lang vinsælast sem slíkt í tónlistarheiminum í dag. Það er einnig notað mikið í lifandi flutningi á raftónlist.

Í Snælandsskóla hefur það verið notað til að taka upp popp- og rapplög, viðtöl og fleira sem nemendur hafa notað í verkefnavinnu. Það er hægt að líkja Ableton við ljósmyndafilter á Instagram. Það verður allt glansandi fínt og flott með nokkrum aðgerð og auðvelt að klippa og líma saman takta, til að búa til lag sem hljómar faglega. Sýnd verða nokkur skemmtileg atriði í forritinu, sem notuð eru í kennslu í valáfanganum Raftónlist.

Umsjón: Margrét G.Thoroddsen tónmenntakennari

Handritagerð í 9. og 10. bekk - Stofa E2

Nemendur í 9. bekk sýna verkefni sem þeir unnu um veður og loftlagsbreytingar.

Nemendur í 10. bekk sýna verkefni sem þau unnu tengt umhverfisfræði.

- Kynna verkferlið og handritagerðina
- Sýna afraksturinn
- Svvara spurningum um verkefnið

Nemendur fengu frjálsar hendur varðandi skil á verkefninu en fylgdu fyrirmælum um handritagerð í gegnum verkefnið.

9. bekkingar skiluðu flestir sínum verkefnum sem heimildarþætti um veður og loftlagsbreytingar og notuðust m.a við iMovie, Greenscreen og Keynote.

10. bekkingar skiluðu sínum verkefnum í formi kynningar á umhverfissvænni eyju og notuðust m.a við Mindcraft, Keynote, veggspjöld, líkanagerð og Fortnite.

Umsjón: Ósk Kristinsdóttir kennari og nemendur úr 9. og 10. bekk

Nearpod - Stofa E3

Farið verður yfir hvernig á nota Nearpod í skólastarfi. Nearpod býður uppá fjölbreytta möguleika í framsetningu á námsefni á sjónrænan og gagnvirkan hátt.

Þátttakendur sjá dæmi um það hvernig forritið er notað á áhrifaríkan hátt í samfélagsfræði og landafræði.

Umsjón: Berglind Bragadóttir kennari og nemendur úr 8. bekk

Flexiquiz - Stofa E4

Flexiquiz er forrit til þess að leggja fyrir rafrænar kannanir. Það býður upp á marga möguleika á spurningaformum, ekki bara krossaspurningar. Flýttir fyrir yfirferð og nemendur geta séð niðurstöðuna strax.

Umsjón: Kristín Pétursdóttir kennari og nemendur úr 6. bekk